



Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti
b.t. skrifstofu stefnumörkunar og alþjóðamála
Arnarhvoli við Lindargötu
101 Reykjavík
hvin@hvin.is

Sent á Samráðsgátt

Reykjavík, 15. september 2023

Efni: Umsögn um áform um frumvarp til breytinga á lögum um háskóla, nr. 63/2006, mál nr. 153/2023

Samtök iðnaðarins (hér eftir „samtökin“ eða „SI“) hafa tekið til umsagnar áform um frumvarp til breytinga á lögum um háskóla, nr. 63/2006. Í áformaskjalinu er lagt til að skilgreind námslok skv. lögnum verði nú að lágmarki 60 ECTS einingar í stað 30 ECTS eininga. Stuttar 30 ECTS námsleiðir (diplómur og viðbótardiplómur) hafa víða verið þróaðar í íslenskum háskólum til að mæta sí- og endurmenntunarpörf aðila á vinnumarkaði og auðvelda aðgengi að námi á meistarastigi. Þær rúmast þó ekki innan samevrópska hæfnirammans og fást því oft ekki viðurkenndar til náms og starfa utan Íslands. Samtökin fagna áherslum stjórnvalda. Mikilvægt er fyrir samkeppnishæfni Íslands að hér sé öflugt kerfi fyrir sí- og endurmenntun sem mætir þörfum atvinnulífs og almennings. Íslenskur iðnaður og íslensk fyrirtæki vantar fagmenntaða starfsmenn. Í könnun Gallup fyrir Samtök atvinnulífsins um mannafla- og færniþörf á íslenskum vinnumarkaði frá 2023, kom t.d. fram að 52% iðnfyrirtækja skortir starfsfólk með ákveðna færni eða menntun. Það er alveg sama í hvaða grein borið er niður, það vantar fleiri fagmenntaða starfsmenn.

Tækifærin fyrir fagháskólastig eru gríðarleg

SI vilja einnig koma á framfæri mikilvægi þess að atvinnulíf, stjórnvöld og menntastofnanir vinni áfram að því að koma á fót fagháskólastigi með atvinnutengd lokamarkmið.

Íslenskt menntakerfi, verður að vera sveigjanlegt enda skapa þær öru samfélagsbreytingar sem nú eiga sér stað stöðuga þörf fyrir endurnýjun þekkingar í atvinnulífinu. Lausnin liggur oft í styttri og sérhæfðari námsleiðum eins og fagháskólastigi var ætlað að auka framboði á. Skýr og skilmerkilegur lagalegur rammi um örnám í gegnum fagháskólastig gefur einstaklingum á vinnumarkaði færi á að auka hæfni sína og fá hana viðurkennda m.a. með því að háskólar bjóði upp á starfstengt fagháskólanám sem mætir þörfum nemenda og atvinnulífs.

Virðingarfyllt,

Hulda Birna Kjærnested Baldursdóttir
verkefnastjóri í mennta- og mannauðsmálum